

Fundargerð 397. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2017, miðvikudaginn 20. september kl. 18:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar á Fosshótel Húsavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Ásta Björg Pálmadóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Ólafur Þór Snorrason, Sigrún Árnadóttir, Steinþór Pétursson, Björn Arnaldsson og Lúðvík Geirsson.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2017 - 1702001HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 395. fundar frá 23. maí sl. og fundargerð 396. fundar frá 25. ágúst sl.

Fundargerðirnar samþykktar og staðfestar með undirskrift stjórnarmanna.

2. Fjarfundabúnaður á námskeiðum - 1709010SA

Lagður fram tölvupóstur frá Hvammstangahöfn, dags. 8. september 2017, þar sem óskað er eftir því að stjórn Hafnasambands Íslands ræði fyrirkomulag varðandi vigtarnámskeið Neytendastofu og fjarfundabúnað þeirra sem höndlar ekki tvo staði í einu.

Framkvæmdastjóra falið að senda Neytendastofu bréf þar sem lögð er áhersla á mikilvægi þess að fjarfundabúnaður sé í boði fyrir hafnir landsins.

3. Samráðsnefnd Fiskistofu og hafnasambandsins - 1704004HA

Fulltrúar hafnasambandsins í samráðsnefnd Fiskistofu og hafnasambandsins sögðu frá fundi samráðsnefndarinnar sem haldinn var fyrr um daginn.

4. Sorpmál í höfnum - 1605003_1HA

Lúðvík og Gísli segja frá fundi þeirra með Umhverfisstofnun.

Gert er ráð fyrir að hafnir bæti inn ákvæði um breytt fyrirkomulag vegna móttöku sorps í höfnum í gjaldskrár sínar. Ákvæðið þarf að taka gildi frá og með 1. janúar 2018. Minnisblað hafnasambandsins um málið verður sent til aðildarhafna um miðjan nóvember.

5. Framlög til hafnaframkvæmda í fjárlögum 2018 - 1709002HA

Rætt um fjárframlög í hafnabótasjóð í fjárlögum 2018 sem lögð voru fram í byrjun september.

6. Rannsóknarnefnd samgönguslysa - hafnarkantar - 1706001HA

Lagt fram erindi frá Vegagerðinni, dags. 19. júní 2017, þar sem fjallað er um niðurstöðu Rannsóknarnefndar samgönguslysa sem rannsakaði banaslys í Ólafsvíkurhöfn þann 17. febrúar 2016, þar sem eldri karlmaður lést eftir að bifreið hans fór fram af hafnarkanti og í sjóinn.

Stjórn hafnasambandsins tekur undir ábendinguna og er framkvæmdastjóra falið að senda bréfið til aðildarhafna til kynningar.

7. Siglingaráð - óskað tilnefningar - 1708002HA

Lagt fram bréf frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dags. 28. ágúst sl., þar sem óskað er eftir að Hafnasamband Íslands tilnefndi fulltrúa í siglingaráð. Einnig lagt fram til kynningar tilnefningarbréf hafnasambandsins þar sem Björn Arnaldsson, hafnarstjóri Hafna Snæfellsbæjar og Sigrún Árnadóttir, hafnarstjóri Sandgerðishafnar voru tilnefnd. Stjórn var áður búin að samþykkja eftirfarandi tilnefningar í tölvupósti.

8. Samgönguping 2017 - 1709003HA

Rætt um Samgönguping sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið stendur fyrir í Hveragerði 28. september nk. en ósk hefur komið fram um að hafnasambandið haldi utan um málstofu á þinginu.

Samþykkt að taka þátt í þinginu og hafa tvö erindi sem fjalla um fjármögnun og fjárhagsstöðu hafna og þróun í farþegaflöðum og skemmtiferðaskipum næstu 5-10 árin.

Fundi var slitið kl. 19:15

Gísli Gíslason

Ásta Björg Pálmadóttir

Guðmundur M Kristjánsson

Ólafur Þór Snorrason

Sigrún Árnadóttir

Steinþór Pétursson

Björn Arnaldsson

Lúðvík Geirsson

Valur Rafn Halldórsson